

Nýtt framsækið opinbert hlutafélag hefur verið stofnað og mun taka yfir hlutverk Flugstoða ohf. og Keflavíkurflugvallar ohf. Tilgangur sameiningarinnar er að efla og bæta þjónustu við flugfarþega, flugrekendur og aðra samstarfsaðila, innlenda og erlenda. Lögð verður áhersla á að samhæfa alla starfsemi sem heyrir undir sameinað félag. Hjá sameinuðu félagi munu starfa tæplega 700 manns. Nýja félagið, sem hlotið hefur vinnuheitið Flug-Kef ohf., er stofnað samkvæmt heimild í lögum nr. 153/2009.



Hlutverk Flugstoða nú er að annast rekstur og uppbyggingu allra flugvalla og lendingarstaða á Íslandi, annarra en Keflavíkurflugvallar auk þess að annast alla flugleiðsöguþjónustu sem Ísland veitir fyrir alþjóðlegt flug og innanlandsflug. Einnig að fara með réttindi og annast skuldbindingar Íslenska ríkisins samkvæmt alþjóðasamþykktum, alþjóðasamningum eða samningum við önnur ríki þ.m.t. vegna Alþjóðaflugþjónustunnar. Nánari upplýsingar: www.flugstodir.is



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Keflavíkurflugvöllur ohf. tók við rekstri Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar 1. janúar 2009 en félagið var stofnað til að annast rekstur, viðhald og uppbyggingu flugvallarins og flugstöðvarinnar. Félagið annast einnig flugleiðsöguþjónustu og þjónustu við flugrekendur, rekstur verslana með tollfrjálsar vörur og aðra starfsemi sem nauðsynlegt er að sé innan haftasvæðis flugverndar auk þess að sjá um hagnýtingu flugvallarins í þágu öryggis- og varnarmála og að stuðla að samvinnu við aðra aðila um aukna nýtingu flugvallarsvæðisins. Nánari upplýsingar: www.keflavikurflugvollur.is

Forstjóri

Sameinað félag Flugstoða ohf. og Keflavíkurflugvallar ohf. óskar eftir að ráða forstjóra til starfa. Forstjóri mun hafa með höndum yfirstjórn sameinaðs félags og fara með daglega stjórn fyrirtækisins í umboði stjórnar og í samræmi við samþykta stefnu. Forstjóri fer með yfirstjórn flugleiðsöguþjónustu, flugvallareksturs, tæknimála og stoðstarfsemi og ber ábyrgð á frekari viðskiptaþróun félagsins í samvinnu við framkvæmdastjóra sviða.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Forstjóri mun m.a. bera ábyrgð á uppbyggingu og stefnumótun hins nýja fyrirtækis í samráði við stjórn þess.
- Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi félagsins og dótturfélaga þess og að gerðar séu áætlanir um rekstur fyrirtækisins og framkvæmdir innan þess. Hann ber ábyrgð á að rekstrarfyrirmælum Flugmálastjórnar Íslands sé framfylgt og að lögum, reglugerðum og öðrum ytri kröfum í starfsemi fyrirtækisins sé fylgt.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Gerð er krafa um háskólapróf í verkfræði, viðskiptum eða lögfræði eða sambærilegum greinum sem nýtast í starfi. Framhaldsmenntun í viðkomandi greinum er æskileg.
- Gerð er krafa um víðtæka reynslu af stjórnun verkefna og starfsmanna.
- Viðkomandi þarf að hafa mjög gott vald á íslenski og enski tungu.
- Reynsla af rekstri fyrirtækja og/eða stofnana er nauðsynleg.
- Reynsla af sameiningu fyrirtækja og rekstrareininga er kostur.
- Reynsla og þekking á flugtengdri starfsemi er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum er mjög mikilvæg.

Leitað er eftir kraftmiklum stjórnanda með víðtæka stjórnunarreynslu og framúrskarandi samskiptahæfileika.

Hann þarf að hafa mikinn framkvæmdavilja og metnað fyrir hönd fyrirtækisins.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar veitir

Þórir Þorvarðarson hjá Hagvangi í síma 520 4700 eða tölvupósti, thorir@hagvangur.is.

Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Umsóknir og fylgigögn sendist á thorir@hagvangur.is eða á skrifstofu Hagvangs merkt: „Forstjóri Flug-Kef“.

Umsóknarfrestur er til og með 3. mars nk.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is